



Til sveitarfélaga á Íslandi

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	11/5 123
Málalykill	06.0
Mál nr.	2305224

Reykjavík, 9. maí 2023

76. Íþróttaping ÍSÍ fór fram í Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum, Hafnarfirði, 5. og 6. maí sl.

Í tengslum við þingið var gefin út vegleg ársskýrsla ÍSÍ þar sem stiklað er á stóru um starfsemi og helstu verkefni ÍSÍ. Þar er einnig að finna ársreikning ÍSÍ ásamt yfirliti yfir styrki til sambandsaðila ÍSÍ. Skýrslan fylgir hér með og hvetjum við sveitarstjórnafólk til að gefa sér tíma til að skoða skýrsluna og kynna sér starf sambandsins.

Einnig bendum við á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, þar sem er að finna margvíslegar upplýsingar um sambandið og sambandsaðila þess.


Sveitarfélögin í landinu eru mikilvægustu bakhjarlar íþróttahreyfingarinnar í landinu og spila stórt hlutverk í rekstri íþróttafélaga. Velvilji sveitarfélaga og gott samstarf íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélaga er mikilvægt fyrir allt íþróttastarfið í landinu.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tekur gjarnan á móti fulltrúum sveitastjórna, sem áhuga hafa á því að kynna sér starfsemi sambandsins í höfuðstöðvunum, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Með vinsemd og virðingu,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Lárus L. Blöndal
forseti


Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri